

Engin vitni hafa komið fyrir dóminn eða fundizt, er borið hafa getað um akstur ákærða hinn 4. júlí s.l. eða um ástand ákærða við þann akstur. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu ákærða sjálfs um akstur hans og ásigkomulag greint sinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir ósannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem rakin er í ákæru-skjali.

Svo sem úrslit máls þessa hafa orðið, ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hannesson, skal vera sýkn af öllum kröf- um ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvember 1970.

Nr. 162/1970. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jakob Sigurði Árnasyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur ákærði enn eigi greitt víxla þá, er hann samþykkti vegna bifreiðar kaupanna.

Svo sem efnum ákærða var háttað, gat honum eigi dulizt,

að hann gæti ekki staðið við þær fjárskuldbindingar, er hann tókst á hendur með samþykki greindra víxla. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jakob Sigurður Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1970.

Ár 1970, föstudaginn 31. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 295/1970: Ákærvaldið gegn Jakob Sigurði Árnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 10. þ. m., gegn Jakob Sigurði Árnasyni húsgagnasmið, Bogahlíð 14 hér í borg, fæddum 3. nóvember 1930 að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi, „fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa eftir að hafa verið úrskurðaður gjaldþrota hinn 3. október 1969 samið um kaup á bifreiðinni R 23046 hinn 26. eða 27. nóvember 1969 af frú Erlu Sigurðardóttur, Óðinsgötu 18 C í Reykjavík, á kr. 28.500.00, samþykkt 5 víxla til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar með gjalddögum 3. desember 1969 og 3. janúar, 3. febrúar, 3. marz og 3. apríl 1970, selja því næst bifreiðina hinn 28. nóvember 1969 fyrir milligöngu Bílasölnnar að Borgartúni 1 í Reykjavík Ólafi Skaftasyni, Hnjúkahlíð í Austur-Húnavatnssýslu, fyrir 25.000.00 króna staðgreiðslu án þess að tilkynna nokkuð um fyrri eigendaskipti og með villandi og röngum ummælum á bílasölnunni þess efnis, að hann væri að selja bifreiðina fyrir hönd konu sinnar. Eyddi ákærði fé þessu (kr.

25.000.00) þegar í eigin þarfir, og varð greiðslufall af hans hálfu á gjalddögum víxla þeirra, er greiðast skyldu frá Erlu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 3. október 1969, var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta, en hinn 20. ágúst hafði árangurslaust fjárnám verið gert hjá honum. Ákærði var ekki viðstaddur þinghald þetta í skiptaréttinum, en gjaldþrotastefna hafði 17. september verið birt á heimili ákærða fyrir konu hans, Margréti Sigurðardóttur.

Hinn 5. nóvember var skiptaréttur Reykjavíkur háður á heimili ákærða til þess að skrifa upp og virða eignir þrotabúsins. Kona ákærða skýrði þar frá því, að búið væri eignalaust með öllu, og varð uppskrift árangurslaus.

Hinn 25. nóvember 1969 auglýsti Erla Sigurðardóttir, Óðinsgötu 18 C, til sölu notaða bifreið af gerðinni Moskvitch, R 23046. Ákærði kom að máli við Erlu og falaðist eftir bifreiðinni. Hefur það líklega verið hinn 26. nóvember, sem hann talaði fyrst við Erlu um bifreiðarkaupin, en frá þeim gekk hann síðan næsta dag. Var kaupverð umsamið kr. 28.500.00, og greiddi hann það að öllu leyti með víxlum að fjárhæð 5.700.00 kr. hverjum, og voru gjalddagar víxlanna 3. desember 1969 og 3. janúar, 3. febrúar, 3. marz og 3. apríl 1970.

Ákærði fór síðan með bifreiðina í bifreiðasölu Friðriks Árnasonar í Borgartúni 1 til þess að láta selja hana. Hitti hann þar fyrir Ólaf Skaptason frá Hnjúkahlíð í Húnavatnssýslu, er var að leita eftir bifreið til kaups. Tókust samningar milli ákærða og Ólafs um, að Ólafur keypti bifreiðina fyrir 25.000.00 krónur, er hann galt þegar. Var síðan ritað afsal, og í því er Erla Sigurðardóttir talin afsala bifreiðinni til Ólafs. Ákærði undirritaði afsalið þannig: „f h Jakob Árnason seljandi“. Einnig var gengið frá sölu-tilkynningu.

Ákærði hefur ekki greitt neinn af víxlum þeim, sem hann notaði til greiðslu bifreiðarinnar.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi ætlað sér það, er hann keypti bifreiðina, að eiga hana, en þegar hann hafði fengið hana í hendur, hafi hann komizt að því, að hún var ekki eins góð og hann hafði vænt, og því hafi hann tekið þann kost að selja hana strax. Hann kveðst hafa fengið kunningja sinn, Ólaf Rúnar Björgúlfsson, til að skoða bifreiðina, en Ólafur sé vanur að fást

við bifreiðar. Ákærði telur sig hafa ætlað sér að greiða víxla þá, er hann lét Erlu Sigurðardóttur hafa sem greiðslu fyrir bifreiðina. Er ákærði var spurður, af hverju hann hefði ekki greitt víxil þann, sem féll í gjalddaga 3. desember, kvaðst hann ekki hafa haft peninga til þess. Hann gat þó ekki gert grein fyrir því, hvað hann hafði gert við þær 25 þús. kr., sem hann hafði tekið við 28. nóvember sem greiðslu fyrir bifreiðina. Kvaðst hann mundu hafa verið búinn að eyða þeim, en ekki hefur hann skýrt frá því, í hvað féð hafi eyðzt.

Vitnið Erla Sigurðardóttir húsfreyja, Óðinsgötu 18 C, 31 árs að aldri, hefur skýrt þannig frá: Hún auglýsti R 23046 til sölu 25. nóvember. Næsta dag kom ákærði að máli við hana og kvaðst heita Jakob Árnason, en hér er þess að geta, að ákærði notar yfirleitt Sigurðar-nafnið. Hann lét í ljós áhuga á því að kaupa bifreiðina, en þó voru kaup ekki ráðin að þessu sinni. Næsta dag eftir hádegi kom ákærði aftur heim til Erlu, og kom hann í bifreið. Hann bað Erlu að lofa sér að reyna bifreiðina, og féllst hún á það. Fór ákærði brott í R 23046, en skildi hina bifreiðina eftir á meðan. Þegar ákærði kom aftur, vildi hann kaupa bifreiðina, en þó kvaðst hann verða að fá að greiða hana að öllu leyti með víxlum. Var Erla treg til að ganga að þeim skilmálum, þar sem hún hafði hugsað sér að nota greiðsluna til þess að borga skuld í Landsbankanum í desember. Ákærði lét þess getið, að hann hefði viðskipti við Landsbankann, og mundi bankinn fallast á að taka víxla frá honum sem greiðslu. Eiginmaður Erlu hringdi til bankans, og niðurstaða af símtali því varð sú, að bankinn mundi taka víxlana. lét Erla síðan tilleiðast að selja bifreiðina með þeim greiðsluskilmálum, er áður hefur verið lýst.

Erla segir, að ákærði hafi sagt, að hann ræki verkstæði og hefði mikið að gera, en hann væri búinn að leggja svo mikið fé út vegna efniskaupa, að hann hefði ekki reiðufé handbært. Hann hafi sagt, að hann væri eigandi bifreiðar þeirrar, sem hann hafði komið í, en hina bifreiðina þyrfti hann handa konu sinni, sem stundaði vinnu utan heimilis. Hún fengi útborgað á miðvikudögum og mundi sjá um fyrstu afborgunina, en annars ætlaði hann sér að hjálpa henni að greiða bifreiðarverðið.

Um þennan framburð Erlu hefur ákærði sagt það, að bifreið sú, sem hann kom á til Erlu, sé eign 14 ára gamallar dóttur hans, en hann og kona hans noti bifreið þessa. Neitar ákærði því, að hann hafi sagt Erlu, að hann sjálfur væri eigandi bifreiðarinnar.

Vitnið Friðrik Árnason bifreiðasali, Vífilsgötu 12, 48 ára að

aldri, hefur skýrt svo frá: Ákærði kom til hans og bað hann að selja fyrir sig R 23046. Í bifreiðasölunni var þá staddur Ólafur Skaptason frá Hnjúkahlíð í Blönduóshreppi, 18 ára að aldri, og var hann að leita eftir bifreið til kaups. Ólafur og ákærði urðu ásáttir um, að Ólafur keypti R 23046 fyrir 25.000.00 kr. Þegar ganga átti frá kaupunum, kom í ljós, að ákærði hafði meðferðis sölutilkynningu, er á stóð, að seljandi bifreiðarinnar væri Erla Sigurðardóttir, en kaupandi Jakob Árnason. Ákærði gaf þá skýringu á þessu, að Erla væri kona hans og hefði verið ráðgert, að bifreiðin yrði flutt yfir á nafn ákærða, og þannig stæði á sölutilkynningunni, en síðan hefðu þau hjón ákveðið að selja bifreiðina. Í samræmi við þetta var afsal orðað þannig, að Erla Sigurðardóttir afsalaði bifreiðinni til Ólafs, og undirritaði ákærði síðan afsalið fyrir hennar hönd. Friðrik fór fram á, að Erla undirritaði afsalið sjálf, en ákærði eyddi því og bar því við, að hún væri bundin í vinnu.

Ákærði mótmælir því eindregið, að hann hafi sagt Friðrik, að Erla væri konan hans. Segir hann, að Friðrik hafi verið kunnugt um, að hann hafi keypt bifreiðina daginn áður. Þessu neitar Friðrik, en kannast þó við, að ákærði hafi fengið hjá honum eyðublað undir sölutilkynningu.

Vitnið Ólafur Rúnar Björgúlfsson verkamaður, B-götu 10 í Blesugróf, 22 ára að aldri, er útgefandi að víxlum þeim, sem ákærði greiddi Erlu Sigurðardóttur bifreiðina með. Hann skýrir svo frá, að hann þekki ákærða, síðan hann starfaði hjá honum á s.l. ári, og einhverju sinni hafi hann gert það í greiðaskyni við ákærða að gefa út fyrir hann víxla, sem ákærði kvaðst þurfa að nota í sambandi við bifreiðarkaup. Ákærði hafi síðan komið heim til hans með bifreiðina og lofað honum að reyna hana. Segist Ólafur Rúnar hafa talið bifreiðina lélega.

Vitnið Ólafur Skaptason kveðst hafa verið á ferð hér í borginni til þess að leita sér að bifreið. Hann kveðst hafa verið staddur í Bifreiðasölunni í Borgartúni 1 og hafa hitt ákærða þar. Eftir að Ólafur hafði skoðað bifreið ákærða, vildi hann kaupa hana. Frá kaupunum varð þó ekki gengið þann hinn sama dag, með því að Ólafur þurfti bæði að fá samþykki föður síns sem lögráðamanns til kaupanna og einnig að fá peninga símsenda suður. Voru kaupin þó ekki gerð endanlega fyrr en næsta dag. Faðir Ólafs Skaptasonar samþykkti kaupin með símskeyti til bifreiðasölnunnar, og ber það tímasetninguna 28. nóv. 13:52. Segir Ólafur, að því sé öruggt, að fundum hans og ákærða hafi

fyrst borið saman 27. nóvember og hafi það verið síðdegis, á að gizka kl. 15—16. Hann hafi síðan greitt bifreiðina og fengið hana afhenta 28. nóvember.

Ólafur Skaptason segir, að ákærði hafi eitthvað talað um, að hann væri að selja bifreiðina fyrir konu sína, og kveðst Ólafur hafa tekið það svo, að Erla Sigurðardóttir, sem tilgreind var sem seljandi á afsalinu, væri eiginkona ákærða. Ólafur kveðst ekki hafa séð sölutilkynningu þá, sem ákærði hafði meðferðis, en minnst þess, að ákærði hafi talað um, að ætlunin hafi verið að færa bifreiðina yfir á nafn hans.

Svo sem áður var lýst, telur ákærði, að hann hafi farið með bifreiðina til sölu í Bifreiðasöluna Borgartúni 1 daginn, eftir að hann keypti bifreiðina af Erlu. Af framburði Ólafs Skaptasonar kemur fram, að hann hafi hitt ákærða 27. nóvember. Hins vegar er útgáfudagur víxils þess, sem ákærði samþykkti og féll í gjald-daga 3. desember, 27. nóvember 1969, og af því og framburði Erlu Sigurðardóttur má ráða, að ákærði hefur keypt bifreiðina af Erlu einmitt 27. nóvember. Ákærði hefur látið þess getið, að vera kunní, að hann hafi fyrst hitt Erlu að máli 25. nóvember og gengið frá kaupunum 26. nóvember og hafi þá orðið misritun í dagsetningu víxlanna. Að öðru leyti hefur ekki fengizt skýring á því ósamræmi varðandi tímasetningar, sem hér hefur komið fram. Ákærði var spurður um það, hvort verið gæti, að hann hefði daginn, sem hann fékk bifreiðina léða til reynslu hjá Erlu, farið með hana í bílasöluna og þá hitt Ólaf Skaptason þar, þ. e. hvort hann hefði verið búinn að leggja drög að sölu bifreiðarinnar, áður en hann gekk frá kaupum á henni, en þessu hefur ákærði neitað algerlega.

Í upphafi málsmeðferðar hélt ákærði því fram, að sér hefði ekki verið kunnugt um, að bú hans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Er hann var að því spurður, hvort hann teldi sig eiga fyrir skuldum, kvaðst hann ekki búast við því.

Samkvæmt gögnum, sem aflað hefur verið hjá skiptarétti Reykjavíkur, hefur gjaldþrotastefna, eins og áður segir, verið birt á heimili ákærða fyrir konu hans, Margréti Sigurðardóttur, hinn 17. september 1969, og hefur hún veitt viðtöku endurríti af stefnunni og lofað að koma því í hendur stefnanda (þannig í birtingarvottorðinu). Hinn 3. október hefur í skiptaréttinum verið tekin fyrir beiðni Kjartans Reynis Ólafssonar lögmanns um, að bú ákærða yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þar hefur verið lögð fram árangurslaus fjárnámssgerð frá 20. ágúst og bú ákærða síðan

tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði. Ákærði hefur ekki verið viðstaddur þinghald þetta.

Við uppskriftar- og virðingargerð þá, sem fram fór heima hjá ákærða 5. nóvember 1969, hefur Margrét, kona ákærða, verið viðstödd og skýrt svo frá, að allt innbú væri eign föður hennar, en að hún og ákærði væru með öllu eignalaus.

Vitnið Margrét Sigurðardóttir dregur ekki í efa, að hún hafi tekið við birtingu gjaldþrotastefnunnar, þótt hún muni ekki beinlínis eftir því. Hún segir, að hafi hún veitt endurríti af stefnunni viðtöku, hafi hún örugglega fengið ákærða það í hendur. Margrét man eftir því, að hún var viðstödd uppskriftargerðina, og kveður hún augljóst, að hún hafi skýrt ákærða frá henni. Ákærði hefur ekki gert athugasemdir við vætti Margrétar.

Margrét segir, að staðið hafi til, að þau keyptu bifreið, sem hún gæti notað til að aka til vinnu sinnar, en segir, að bifreiðin hafi reynzt gölluð og þau hafi því ákveðið að selja hana.

Margrét hefur ekki getað sagt um það, hvað orðið hafi um fé það, sem ákærði fékk fyrir bifreiðina, er hann seldi hana.

Niðurstöður.

Þegar ákærði fékk Erlu Sigurðardóttur til þess að selja sér bifreiðina R 23046 gegn gjaldfresti, hafði bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta, og var honum þannig ljóst, að hann gat ekki staðið við skuldbindingar þær, er hann tókst á hendur gagnvart Erlu. Þykir og sýnt, að ákærði hafi aldrei ætlað sér að gera það, enda seldi hann bifreiðina strax á eftir, 28. nóvember, og stóð þó ekki í skilum með greiðslu víxils þess, er féll í gjalddaga 5 dögum síðar. Þannig þykir ákærði hafa komið Erlu til þess að gera kaupin með því að telja henni trú um, að hann mundi standa í skilum, þótt til þess hefði hann hvorki getu né vilja. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur 12 sinnum sætt á greiðslu sekta, oftast fyrir umferðarbrot, en einu sinni fyrir brot gegn 248., sbr. 256. gr. hegningarlaga og 261. gr. sömu laga. Hinn 13. júní 1968 var ákærði dæmdur í sakadómi Kópavogs í 5 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið til 3 ára, fyrir tékkasvik og brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefur nú rofið skilorð þess dóms, og verður honum samkvæmt 60. gr. hegningarlaga dæmd í einu lagi refsing fyrir þau brot, sem um ræðir í nefndum dómi, og það brot, sem hann er nú ákærður fyrir. Verður refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar. Fjárfrafa hefur ekki verið höfð uppi í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Sigurður Árnason, sæti fangelsi 8 mánuði.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1970.

Nr. 124/1970. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**
 (Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Karli Jónssyni, Jóni Ingiberssyni og
 Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík
 f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens**
 (Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómurarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
 Snævarr.**

Ákvörðun skiptadóms um höfðun riftunarmáls staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 26. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m., skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila höfðun máls til riftunar viðskiptasamningi Friðriks Jörgensens og áfrýjanda, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum. Dómkröfur áfrýjanda eru aðallega, að hinni áfrýjuðu dómsathöfn verði vísað heim í hérað til úrskurðar af nýju, en til vara, að dómsathöfnin verði úr gildi felld. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá